



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 12. september 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem lagt er til að unnið verði að því að Elliðaárdalurinn verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars og dýralífs. Einnig er lögð fram greinargerð.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs bókuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson eftirfarandi:

Það er ekki tilviljun að meirihlutinn í umhverfis- og heilbrigðisráði bregði á það ráð að fresta tillögu okkar sjálfstæðismanna um friðlýsingu Elliðaárdalsins. Enda liggur fyrir tillaga á dagskrá skipulags- og samgönguráðs í dag um að samþykkja nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir byggingum sem ganga munu freklega á land Elliðaárdalsinn og gerir ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi þar. Það undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að unnið verði að friðlýsingu Elliðaárdalsins og nærliggjandi umhverfi hans í samráði við umhverfisráðherra og umhverfisstofnun með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013

Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. ágúst 2018.
Tillagan felld með fjórum atkvæðum Fulltrúi Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Hjálmas Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, gegn þrem atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Mörtu Guðjónsdóttur og Valgerðar Sigurðardóttur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu og leggjast gegn hvers kyns húsnæðisuppbyggingu sem gengið geta nærri slíkum svæðum. Árið 2014 var lögð fram tillaga í borgarráði um friðun Elliðaárdals í deiliskipulagi með svokallaðri hverfisvernd. Því hefur ekki verið lokið. Eins liggur fyrir að friðun með hverfisvernd í deiliskipulagi hefur ekki sömu réttaráhrif og friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum. Elliðaár og nærliggjandi svæði virðast því hvorki friðuð með hverfisvernd né samkvæmt náttúruverndarlögum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að unnið verði að því, í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun, að Elliðaárdalur og nærliggjandi svæði verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013"



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

"Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 2030 var Elliðaárdalur í fyrsta skipti skilgreindur sem borgargarður og þar eru Elliðaárnar, bakkar þeirra og báðir hólmannir hverfisverndaðar. Verðmætustu náttúruminjar Elliðaárdals eru því nú þegar undir hverfisvernd. Vinnslutillaga að deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73 er utan við skilgreindan borgargarð og raskar engum þáttum sem hafa verndargildi líkt og jarðmyndanir, fossar og gróður.

Í gildandi deiliskipulagi Elliðarárdals er verið að varðveita samfellda náttúrulega heild dalsins sem útivistarsvæði fyrir alla borgarbúa og tryggja til frambúðar tengingu milli byggðar og útmerkur Reykjavíkur.

Meirihlutinn leggur áherslu á að vinna við endurskoðun gildandi deiliskipulags Elliðárdals verði lokið sem fyrst að teknu tilliti til þeirra verndarákvæða sem geti komið fram við þá vinnu. Miklu máli skiptir að tengja dalinn aðgerðum á sviði loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni."


Aðhvarf fulltrúarnir Miðflokksins Baldur Borgþórsson og Flokks fólksins Kolbrún Baldursdóttir bóka:

"Miðflokkurinn tekur heils hugar undir tillögu Sjálfstæðisflokks um friðun Elliðaárdals, hér er um að ræða algjört forgangsverkefni og telja verður með öllu óásættanlegt að fyrirhugað deiliskipulag fái afgreiðslu eða sé yfirhöfuð tekið til umræðu þar til afmörkun og friðlýsing Elliðaárdals hefur verið afgreidd í sátt við hagsmunaaðila, það er borgarbúa.

Þrákelkni meirihluta Sf-Vg-C og P í þessu mikilvæga hagsmunamáli borgarbúa er með öllu óskiljanleg og virðist í engu samræmi við yfirlýst markmið þeirra um verndun grænna svæða í borginni.

Að reisa glerhallir sem gnæfa yfir einni af náttúruperlum borgarbúa og fylla upp í eyðurnar með hundruðum bílastæða er óásættanlegt. Hér þarf að forgangsraða með hag borgarbúa í öndvegi".

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Örn Sigurðsson

Fylgiskjal: umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. ágúst 2018.



Borgarráð

USK2018050025
R18070131

Reykjavík 21. ágúst 2018

Tillaga um friðlýsingu Elliðaárdals, umsögn.

Vísað er í tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um friðlýsingu Elliðaárdals sem lögð var fram í borgarráði 19.7. s.l. Lagt var til að unnið verði að því að Elliðaárdalurinn verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars og dýralífs. Með tillögunni fylgdi greinargerð.

UMSÖGN

Skipulag og stefnumörkun.

Fjallað var um Elliðaárdalinn sem útivistarsvæði árið 1974 í áætluninni, Umhverfi og útivist sem Reykjavíkurborg lét gera „um aðalskipulag og samhengi opinna svæða í borgarlandinu og bættu aðstöðu gangandi og hjólandi vegfarenda í samgöngukerfi borgarinnar“. Núgildandi deiliskipulag Elliðarárdals er frá 1994. Þar var lykilmarkmið að varðveita samfellda náttúrulega heild dalsins sem útivistarsvæði fyrir alla borgarbúa og tryggja til frambúðar tengingu milli byggðar og útmerkur Reykjavíkur.

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins frá 2015-2040 er Elliðaárdalurinn nefndur sem dæmi um mikilvæga græna þræði sem tengja Græna trefilinn við strandsvæði og önnur græn svæði innan þéttbýlisins á höfuðborgarsvæðinu og tryggja þannig aðgengi bæði til fjöru og fjalla.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 var sett fram hugtakið borgargarður um stærstu útivistarsvæði borgarinnar og þar á meðal er Elliðaárdalur. Afmörkun borgargarðsins er ekki skýrt afmörkuð en þar kemur fram að það verði gert í deiliskipulagi fyrir dalinn. Í aðalskipulaginu eru einnig skilgreind hverfisvernduð svæði innan dalsins en það eru Elliðaárnar og bakkar þeirra, í sem og báðir hólarnir (Árhólmi neðan stíflu og Blásteinshólmi ofan stíflu). Þessi svæði eru talin með sérstaklega hátt verndargildi því mikilvægasta vistkerfið í Elliðaárdalnum er tvímælalaust Elliðaárnar en vatnasvið þeirra eru með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og þar er auðugt lífríki. Í hólmunum og/eða við bakka Elliðaánna finnast einnig þær jarðminjar í dalnum sem hafa hæst verndargildi svo sem hraunreipi og fossamyndanir. Verðmætustu náttúruminjar Elliðaárdals eru því nú þegar undir hverfisvernd.

Borgarstjóri skipaði starfshóp um borgargarð sem skilaði tillögum árið 2014 um afmörkun borgargarðs, að hefja gerð deiliskipulags og skilgreina þyrfti stærra hverfisverndarsvæði á grundvelli náttúrufarsúttekta. Samhliða yrði gerð umhirðuáætlun fyrir dalinn.

Í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. mars 2014 (sjá fylgiskj.) til borgarráðs um tillögur hópsins var lagt til að svæði norðan Vesturlandsvegar, Árbæjarsafn og skilgreindir



Þróunarreitir samkvæmt aðalskipulagi yrðu ekki hluti af borgargarðinum þar sem áætlanir um þessi svæði væru í öðru ferli.

Í okt. 2014 var svo tillaga borgarstjóra samþykkt í borgarráði um að undirbúa breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals þar sem m.a. á grundvelli náttúrufarsúttekta, yrði metið hvort núverandi hverfisverndarsvæði væri fullnægjandi fyrir verndun náttúruminja eða hvort afmarka ætti hverfisvernd upp á nýtt.

Borgarráð skipaði starfshóp árið 2015 sem ætlað var að gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi hvað varðar stefnu OR í dalnum, framtíðarsýn Toppstöðvar og fleiru í ljósi skilgreiningar borgargarðs í Elliðaárdal. Hópurinn skilaði skýrslu í ágúst 2016, Sjálfbær Elliðaárdalur-Stefna Reykjavíkur. Í skýrslunni er sögulegt yfirlit og fjallað um einkenni og hlutverk Elliðaárdals. Síðan er vikið að stefnu um m.a. mörk dalsins, verndun náttúruminja, skógrækt og útivist. Einnig var lögð fram aðgerðaráætlun hugsuð til þriggja ára. Í aðgerðaráætlun er lagðar til margvíslegar aðgerðir og þá ekki síst að hefja skuli gerð deiliskipulags og samhliða að vinna náttúrufarsúttektir. Einnig að tengja dalinn aðgerðum á sviði loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni.

Náttúruminjaskrá.

Samkvæmt náttúruverndarlögum skiptist náttúruminjaskrá í þrjá hluta. *A-hluti er skrá yfir friðlýst svæði, B-hluti er framkvæmdaáætlun til 5 ára yfir minjar sem Alþingi hefur samþykkt að setja í forgang til friðlýsingar og C-hluti sem er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir að friðlýsa.*

Elliðaárdalur hefur verið lengi á náttúruminjaskrá sem „aðrar náttúruminjar“, þ.e. C-hluti samkvæmt núverandi lögum. Í lýsingu er vísað til *vatnasviðs Elliðaáa og fjölbreytts náttúrufars, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.*

Í náttúruverndarlögnum segir í 35. gr. *að við val á minjum á náttúruminjaskrá skuli leggja til grundvallar mat á verndargildi þeirra og verndarþörf í samræmi við verndarmarkmið laganna.*

Mat á verndargildi byggir m.a. á auðgi, fjölbreytni, fágæti, stærð svæða og samfellu, upprunaleika og vísindalegt, menningarlegt, fagurfræðilegt og táknrænt gildi.

Við val minja á áætlunina skal, auk þess líta til eftirtalinna atriða:

- hversu mikil hættu er á að minjunum verði raskað,*
- hvers konar minjum brýnast er að bæta í net verndarsvæða hverju sinni,*
- gildis minjanna miðað við aðrar í sama flokki náttúruminja,*
- mikilvægis svæðis til útivistar,*
- annarra hagsmuna sem varða svæðið.*

Friðlýsing skiptist í nokkra flokka. Ef friðlýsing Elliðaárdals kæmi til álita yrði það í flokknum fólkvangur enda dalurinn að stórum hluta útivistarsvæði þar sem upprunalegu náttúrufari hefur verið breytt t.d. með landbúnaði, skógrækt og áhrifum raforkumannvirkja. Hugsanlega mætti friðlýsa einstakar jarðminjar í dalnum sem náttúruvætti skv. 48. grein.

Um fólkvang segir í lögnum í 52. gr.: *Að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningsgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.*

Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög.



Um náttúruvætti segir í lögnum í 48. gr.: *Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.*

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsingar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag. samanber ákvæði 39. gr. náttúruverndarlaga:

39. grein: *Undirbúningur friðlýsingar.*

Umhverfisstofnun skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Jafnframt skal kynna landeigendum og öðrum réttihöfum lands rétt til bóta skv. 42. gr. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera þrjú mánuðir.

Umhverfisstofnun er heimilt að semja við landeiganda eða réttihafa um að hann taki þátt í umönnun friðlýsts svæðis með því að annast þar tilteknar aðgerðir gegn þóknun. Slíka samninga er einnig heimilt að gera við sveitarfélög og náttúru- og umhverfisverndarsamtök. Samningar samkvæmt þessari málsgrein eru háðir staðfestingu ráðherra.

Ákvörðun um friðlýsingu skal tekin í formi auglýsingar sem birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auglýsing felur í sér stjórnvaldsákvörðun gagnvart landeigendum og öðrum réttihöfum þess landsvæðis sem friðlýsing tekur til. Skal gætt ákvæða stjórnarsýslulaga við undirbúning og birtingu hennar gagnvart þessum aðilum.

Umsjón friðlýstra náttúruverndarsvæða hjá Umhverfisstofnun sbr. ákvæði 13. greinar náttúruverndarlaga: „*Umhverfisstofnun fer m.a. með eftirlit með framkvæmd laganna, veitir leyfi og umsagnir samkvæmt ákvæðum laganna, annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða, ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði, sinnir fræðslu og veitir ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál.*“

Algengt er hins vegar að gerðir séu þjónustusamningar við landeigendur þ.m.t. sveitarfélög um umsjón tiltekinna náttúrusvæða sbr. 85. grein náttúruverndarlaga en þar segir m.a.:

„*Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningi um umsjón friðlýsts svæðis skal liggja [stjórnunar- og verndaráætlun] „fyrir svæðið“. Þess má geta að þrjú slíkir samningar hafa nú þegar verið gerðir við Reykjavíkurborg, um friðlýstu náttúruvættin Fossvogsbakka, Háubakka og Laugarás.*

Um fólkvanga gildir sérákvæði varðandi umsjón því þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög reki þá og því ekki þörf á sérstökum þjónustusamningum en í 83. gr. er fjallað um rekstur fólkvanga.

„*Sveitarfélög sem standa að stofnun fólkvangs annast umsjón hans og rekstur og bera af því allan kostnað að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði.*“

Ef Elliðaárdalur yrði friðlýstur sem fólkvangur þá er ljóst að lítil breyting yrði á því að Reykjavíkurborg yrði meginumsjónaraðili svæðisins.

Mörg mikilvæg friðlýsingarverkefni liggja fyrir í borginni. Undirbúningur að friðlýsingu Akureyjar er langt kominn og er nú unnið að friðlýsingarskilmálum í samstarfi við



Umhverfisstofnun. Tillögur Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár liggja nú fyrir og verða að öllum líkindum grunnur að þingsályktunartillögu umhverfis- og auðlindaráðherra sem sennilega verður lögð fyrir þingið á komandi þingvetri. Í tillögunum eru fimm svæði sem eru að öllu eða hluta til í Reykjavík en það eru Skerjafjörður, Elliðavatn, Elliðavogur-Grafarvogur, Blikastaðakró-Leiruvogur og Hofsvík á Kjalarnesi. Ef þessi svæði verða í samþykktum B-hluta náttúruminjaskrár má áætla að þau verði ásamt öðrum svæðum í þeim hluta skránnar sett í forgang hjá Umhverfisstofnun varðandi friðlýsingarferlið. Þess má geta að nú liggja frammi til kynningar drög að frumvarpi um nýja ríkisstofnun, Þjóðgarðastofnun, sem ætlað er m.a. að taka við þeim verkefnum Umhverfisstofnunar sem snúa að friðlýsingum og umsjón friðlýstra svæða. Breytingar eru því í farvatninu í þessum málaflokki. Að framansögðu má ljóst vera að friðlýsing hefur töluverð réttaráhrif.

Niðurstaða.

Nú er hafin endurskoðun á deiliskipulagi Elliðaárdals þar sem m.a. á að taka saman og gera náttúrufarsúttektir til að grundvalla tillögur um frekari hverfisvernd innan borgargarðsins og skerpa á hlutverki dalsins í útivistarflóru borgarbúa. Í ferlinu er jafnframt áætlað að mörk borgargarðsins verði endanlega skilgreind og afmörkuð. Ef umræddar náttúrufarskannanir leiða það í ljós að þörf sé á að friðlýsa einstaka jarðmyndanir sem náttúrvætti skv. 48.gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þá verður það skoðað.

Stefnumörkun borgarinnar varðandi Elliðaárdal hefur frá Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962 og fyrrgreindri áætlun Reykjavíkurborgar um Umhverfi og útivist frá árinu 1974 snúist um mikilvægi svæðisins sem eitt af mikilvægustu náttúru- og útivistarsvæðum borgarbúa. Svæðið hefur verið skilgreint þannig í öllum aðalskipulagsáætlunum borgarinnar síðan og gildandi deiliskipulag tekur mið af þeirri stefnumörkun sem og Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Endurskoðun á deiliskipulagi dalsins gengur einnig út frá þeim forsendum. Segja má að öllum markmiðum borgarinnar um verndun samhliða þróun Elliðaárdals sem alhliða og fjölbreytt útivistarsvæði hafi verið náð í gegnum ofangreindar skipulagsáætlanir og ekki í fljótu bragði séð að brýn þörf sé á að friðlýsa allan Elliðaárdal skv. 38.gr Náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Lagt er til við borgarráð að ekki verði stefnt á friðlýsingu dalsins heldur verði áhersla lögð á að ljúka við endurskoðun deiliskipulags Elliðaárdals sem m.a. felur í sér endurskoðun á afmörkun hverfisverndarsvæðisins sem skilgreint er í Aðalskipulagsi Reykjavíkur 2010-2030.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs.


Björn Axelsson
skipulagsstjóri

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri
náttúru og garða

Snorri Sigurðsson
verkefnastjóri,
deild náttúru og garða

Hjálagt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs





Borgarráð

Reykjavík 25. mars 2014

Umsögn um tillögur starfshóps um borgargarð í Elliðaárdal

Umhverfis- og skipulagssviði hefur borist til umsagnar frá borgarráði tillaga starfshóps um borgargarð í Elliðaárdal dags. 13. janúar 2014. Eftirfarandi er umsögn sviðsins:

Tillögur hópsins eru í fimm liðum: Afmörkun garðsins, deiliskipulag, hverfisverndarsvæði, umhirða borgarlandsins og samráðsvettvangur borgargarðsins.

Afmörkun garðsins:

Í tillögu starfshópsins kemur fram að afmörkun borgargarðsins taki mið af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 en hún sé dregin frekar vítt þannig að ýmiss konar svæði lendi innan marka hans en mörkin séu þó dregin fyrir utan fyrirhuguð íbúðasvæði. Tillögunni fylgir mynd sem starfshópurinn leggur til að verði höfð til hliðsjónar við afmörkun borgargarðsins. Eftirfarandi breytingar á tillögu um afmörkun garðsins væri æskilegt að gera í ljósi ný samþykks aðalskipulags, vinnu við gerð hverfisskipulags og hugmynda um uppbyggingu Vogabyggðar, við Elliðarárósa austan til og stækkun Bryggjuhverfis.

Þróunarsvæði við Stekkjarbakka (Þ 73) en í aðalskipulagi segir eftirfarandi um svæðið: „Þ73 Svæði norðan Stekkjarbakka. Um er að ræða raskað svæði í jaðri útivistarsvæðisins í Elliðaárdal. Svæði fyrir starfsemi sem hentar í nálægð útivistarsvæðisins, tengist útivist, íþróttastarfsemi eða samfélagsþjónustu. Umfang mögulegra bygginga verði takmarkað og miðist við 1-2 hæðir. Möguleg byggð hafi sem minnst sjónræn áhrif frá Elliðaárdalnum. Einnig heimilt að gera ráð fyrir „grænni starfsemi“, ræktun og gróðrarstöð“ Þar sem fyrirhuguð er uppbygging á svæðinu þá væri æskilegra að færa mörk borgargarðsins út fyrir það svæði.

1. Þróunarsvæði við Suðurfell (Þ67) en í aðalskipulagi segir eftirfarandi um svæðið: „Þ67 Suðurfell. Svæði austan við Suðurfell, sem nú er opið svæði til sérstakra nota. Þar má gera ráð fyrir lágreistri sérbýlishúsabyggð á um 4 ha svæði, fyrir um 40-50 íbúðir á 1-2 hæðum. Yfirbragð byggðarinnar taki mið af jaðarbyggð hverfisins“ Rétt væri að gefa því svæði meira rými en gert er í tillögunni.
2. Opið svæði á milli þróunarsvæða Þ75 og Þ76 en um þau segir í aðalskipulag: Þ75 Ártúnsholt-Rafstöðvarvegur. Svæðið er um 4 ha að stærð og er hér að mestu byggð íbúðarhúsa á 1-2 hæðum sem tengjast Rafstöðinni í Elliðaárdal. Gert er ráð fyrir því að bæta megi við íbúðarhúsnæði á svæðinu. Þ76 Ártúnsholt-Rafstöðvarvegur. Íbúðarbyggð á tæplega 6 ha svæði. Gert er ráð fyrir að hægt verði að bæta við allt að 50 sérbýlishúsum á svæðinu sem yrðu hluti af núverandi byggð, skóla og þjónustu í





Ártúnsholti. Aðkoma að svæðinu verður frá Rafstöðvarvegi. Á svæðinu eru gamlar malarnámur sem byggðin þarf að laga sig að. Skilyrt er að nýbyggðin þróist alfarið með vistvæn sjónarmið að leiðarljósi s.s. með sjálfbærum

3. *ofanvatnslausnum, byggingarefnum, flokkun sorps o.s.frv“ Rétt væri að umrætt opið svæði yrði skilgreint utan borgargarðsins þar sem gera má ráð fyrir því að svæðið þróist sem hluti af umræddri íbúðabyggð.*
4. *Strandsvæði norðan Vesturlandsvegur. Í nýlegri tillögu að rammaskipulagi fyrir þróun íbúðabyggðar í Súðarvogi s.k. Vogabyggðar hafa m.a. annars komið fram hugmyndir um skóla á Naustatanga í grennd við athafnasvæði Snarfara. Einnig liggja fyrir hugmyndir um að ráðast í gerð sambærilegs rammaskipulag fyrir íbúðabyggð austan við Elliðaárósa meðfram Sævarhöfða að Bryggjuhverfi þar sem einnig er gert ráð fyrir landfyllingum fyrir íbúðabyggð. Um er að ræða skilgreind þróunarsvæði Þ52 Vogabyggð og Þ87 Elliðaárvogur-Ártúnshöfði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í ljósi þess væri rétt að takmarka afmörkun borgargarðs við Geirsnef eða jafnvel Vesturlandsveg.*

Deiliskipulag:

Ekki er gerð athugasemd við þennan lið.

Hverfisverndarsvæði:

Í niðurstöðu starfshóps kemur fram að leggja þyrfti áherslu á að gerð verði ný tillaga að hverfisverndarsvæði í Elliðaárdal sem byggja á náttúruvafarsúttektum og varúðareglu gagnvart ánum. Hópurinn telur jafnframt að hverfisverndarsvæðið eigi að vera mun stærra en núverandi skipulag. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 kemur eftirfarandi fram um hverfisverndarsvæði: „*Ekki gert ráð fyrir að byggt sé nær ám og vötnum innan þéttbýlissvæðis borgarinnar en ákvarðast af helgunarsvæði þeirra. Helgunarsvæði áa og vatna ákvarðast af afmörkun hverfisverndar fyrir viðkomandi á eða vatn. Ekki er heimilt að hindra leið fótgangandi meðfram ám og vötnum. Endanleg fjarlægð byggðar frá vötnum og ám er skilgreind á grunni náttúruvafarsúttekta og á grunni deiliskipulags fyrir viðkomandi svæði og afmörkun hverfisverndarsvæðis. Gera má ráð fyrir mannvirkjum innan helgunarsvæðis áa og vatna sem tengjast notkun svæðanna til útivistar s.s. stíga, dvalar- og áningarstaða.*“ Erfitt er að fullyrða hvort afmörkun núverandi hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sé of lítið eða of stórt. Varlega þarf að fara í fullyrðingar af þessum toga en réttara að benda á að hverfisvernd viðkomandi svæðis ráðist af vísindalegum staðreyndum um viðkomandi svæði byggt á ígrundaðri úttekt á náttúruvafari og lífríki viðkomandi svæðis. Mikilvægt er að er að samtvinna nýtingu og verndun útivistarsvæða í borgarlandinu á þessum grunni þar sem allir þættir í nýtingu svæðisins til útivistar- og afþreyingar liggja til grundvallar. Þessu markmiðum verður best náð fram með endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal með aðkomu allra hagsmunaaðila. Umorða þyrfti þetta í endanlegu skjali.

Umhirða borgarlandsins:

Tillaga starfshópsins um að gerð verði umhirðuáætlun fyrir garðinn fellur vel að starfsáætlun skrifstofu reksturs og umhirðu þar sem gert ráð fyrir að unnar verði umhirðu og hreinsunaráætlanir fyrir borgarlandið.





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Samráðsvettvangur borgargarðsins:

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við tillögur hópsins um samráðsvettvang borgargarðsins en lagt er til að þær verði útfærðar mun betur í mögulegri samþykkt um borgargarðinn Elliðaárdal. Skoða þarf vel hvort rétt sé að tala um „aðalfund borgargarðs Elliðaárdals“ og að það verði mynduð sérstök „fimm manna stjórn.. og aðalfund“ eins og starfshópurinn leggur til.

Virðingarfyllt,

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs



Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Bréfsími 411 8505
www.reykjavik.is



Ellilóaárdalur: Tillaga að afmörkun borgargarðs

Greinargerð úr AR 2010-2030

Ellilóaárdalur nær frá Ellilóavatni, vestur og norður að Ellilóavogi. Hann dregur nafn sitt af Ellilóáá, sem um hann renna. Ellilóavogshraun þekur dalbotninn. Austan og norðan við dalinn eru hverfin Arþær og Höfðar, en sunnan og vestan við hann eru Helmar, Sogamyri, Fossvogur og Breiðholt. Ellilóaárdalur er eitt mest sóttu útivistarsvæðið í borginni.

Reykjavíkurborg keypti Ellilóáarnar árið 1906, til vatnsaflsvirkjunar. Rafstöðin var reist um 1920. Árið 1950 hóf Skógræktarfélag Reykjavíkur skógræktar- og uppgræðslustarf í áhróðmannum í samstarfi við borgina og Raftmagnsveitu Reykjavíkur. Það starf hefur skilað í víðföðnum skógi og frjósömu lífríki gróðurs sem er eitt helst aðdráttarafi skógarins. Fuglalíf er fjölskrúðugt í Ellilóárdal og þar hafa einnig fundist formminjar, m.a. frá tíð Inréttinganna.

Ellilóaárdalur skiptist í megindráttum í tvo hluta, ofan og neðan við Breiðholtið sem þverar svæðið. Innan svæðisins eru hesthúsbýggðin í Víðidal, Þróttasvæði, ræktaður útivistarskógur. Fjölbreytt starfsemi á jöðrum dalsins, náttúrulegt umhverfi, skógargeirar og gott aðgengi gera svæðið eins ákjósanlegt til útveru og raun ber vitni. Árnar og nánasta umhverfi þeirra, Blásteinshólmi og Árbakkar Dimmu falla undir hverfisvernd. Svæðið setur mjög mikinn svip á ásjúnd borgarinnar og er eitt mikilvægasta andrými hennar.

Stefnt er að afmörkun hverfisverndarsvæðis fyrir Ellilóáarnar og nánasta umhverfi þeirra í deliliskipulagi innan þriggja ára frá samþykkt aðalskipulagsins. Meðin stefna í skipulagi svæðisins er að skapa jafnvægi á milli verndunar og nýtingu svæðisins til útivistar.

